

Sjúkraliðafélag Íslands
Grensásvegi 16
108 Reykjavík

5. desember 2003

Varðar: rétt trúnaðarmanna til fjarveru frá vinnu á launum skv. samkomulagi frá 8. desember 1992.

Sjúkraliðafélag Íslands óskaði eftir því við réttindanefnd BSRB, með bréfi dags. 20. nóvember sl., að hún skoðaði rétt trúnaðarmanns til fjarveru frá vinnu á launum skv. 1. mgr. 3. gr. samkomulags fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sjúkraliðafélags Íslands um trúnaðarmenn, undirritað 8. desember 1992. Í 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins segir:

„Trúnaðarmönnum skal heimilt að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum stéttarfélagsins í eina viku einu sinni á ári án skerðingar á reglubundnum launum.“

Kemur fram í bréfi SLFÍ að launadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss túlki þetta ákvæði svo að um eina vinnuviku sé að ræða þ.e. 5 daga eða 40 klst.

Er það álit réttindanefndar að trúnaðarmaður eigi rétt á að vera í 7 daga fjarverandi án skerðingar á reglubundnum launum samkvæmt orðanna hljóðan í 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins og því hvernig framkvæmdin hefur verið.

F.h. réttindanefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl.